

From: [Fjóra Einarsdóttir](#)
To: [Fjóra Einarsdóttir](#)
Subject: Stuðningur til Stróks
Date: miðvikudagur, 13. maí 2026 09:30:48

Ágæti viðtakandi

Nú sendum við hjá Klúbbnum Strók beiðni á bæjar- og sveitarfélögin sem nýta sér þjónustu Stróks ósk um stuðning til þess að kaupa nýja skrifborðsstóla í iðjuna okkar. Strókur er virknimiðstöð staðsett á Skólavöllum 1 á Selfossi og er opinn öllum íbúum á Suðurlandi. Aðal markmið Klúbbsins Stróks er að styðja við bataferli notenda heilbrigðiskerfisins og að fólk með geðraskanir og/eða félagslega einangrun fái úrræði við sitt hæfi í heimabyggð. Einnig að auka tengsl fólks og efla einstaklinginn til sjálfshjálpar, stuðla að virkni og endurkomu út á vinnumarkað, fyrirbyggja innlagnir og brjóta niður fordóma. Við erum í góðu samstarfi við félagsþjónustur bæjarfélaganna, geðheilsuteymið, Birtu og Vinnumálastofnun og höfum á þeim rúmum 20 árum sem við höfum starfað verið öruggt skjól fyrir þá sem á þurfa að halda.

Við erum núna með um 25-30 manns í húsi á hverjum degi og höfum þurft að gera miklar breytingar innan húss til þess að allir hafi pláss til þess að vinna. Með dyggum stuðningi frá kvenfélögunum á Suðurlandi og verkalyðsfélögum náðum við að setja upp glæsilega skápa í iðjuna okkar sem nýtast öllum vel og gera aðgengi gott fyrir alla. Næst á dagskrá er að skipta út stólum þar sem þeir eru orðnir ansi lélegir sem fyrir eru. Fólk sem stundar virkni hér er flest með líkamlega kvilla og mun það hjálpa mikið að sitja í góðum stólum.

Hugmyndin er að kaupa 10 svona stóla og myndi það vera mikill akkur ef þið gætuð styrkt okkur upp í þann kostnað. Hér er reikningsnúmerið okkar, 0308-26-004705 kt. 4711050820, hver króna hjálpar. Ef þetta yrði seinasta verk ykkar á kjörtímabilinu sem er að ljúka er það gott verk fyrir geðheilbrigðismálin.

<https://www.ajvorulistinn.is/p/skrifstofustoll-meo-net-i-baki-91462-91460>

Með von um jákvæð svör



Fjóra Einarsdóttir
Forstöðumaður Klúbbsins Stróks
Skólavöllum 1, 800 Selfoss
Sími: 482-1757/690-9690

